

Fundur foreldrafélags GSS
01.11.11 kl. 18

Mætt voru: Páll Aðalsteinsson, Anna Reynisdóttir, Kristín H. Víðisdóttir, Sigurlaug, Málfríður G. Blöndal, Helga Kr. Högnadóttir, Johanna S., Áskell Áskellsson, Guðný Gísladóttir, Julius M. Larsen, Magnús Ingi Bæringsson, Ómar og Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fundinn kl. 18.
2. Jólaföndur: Ákveðið var að hver bekkur sér um jólaföndur fyrir sig. Bekkjafulltrúar sjá um að velja fönður fyrir sinn bekk og koma því áleiðis. Bekkjafulltrúar sendi hver á sinn bekk bréf til foreldra í gegnum Mentor, en kanni jafnframt hjá skólaritara hvort útbúa þurfti tilkynningu á pappír í einhverjum tilfellum. Bekkjafulltrúar sjá einnig um að kaupa það sem þarf fyrir jólaföndrið og rukka inn fyrir því. Einnig eiga þeir að koma með jólatónlist á föndrið. Ákveðið var að börnin kæmu með heitt kakó á brúsa og smákökur. Hugmynd að dagsetningu á föndrinu er 7. des. nk. Samþykkt var að bjóða þeim börnum sem spila á hljóðfæri að spila á föndurkvöldinu.
3. Foreldrahandbók: Magnús las upp úr uppkasti foreldrahandbókar sem hann hefur sett saman. Almenn ánægja var með handbókina. Ákveðið var að Magnús tæki að sér að klára hana og fá skólann til að prenta út.
4. Fræðslu- og forvarnarfundir: Tekin var fyrir hugmynd Maríu um að fá Blátt áfram til að koma og halda fyrirlestur í skólanum. Almenn þótti hugmyndin góð en ákveðið var að biðja með fyrirlesturinn þar sem gjaldið fyrir hann er of hátt. Farið var yfir stöðu mála á fræðslufyrirlestri um tölvufíkn og tölvunotkun sem æskulýðs- og íþróttanefnd hefur óskað eftir að koma á í samstarfi við foreldrafélagið. Eydís Eyþórsdóttir íþrótt og tómstundafulltrúa hefur verið falið að hafa upp á aðila sem gæti tekið að sér verkefnið. Vel var tekið í hugmyndina og haldið verður áfram að vinna með hana en mikilvægt að koma þessu á sem fyrst.
5. Kristín gjaldkeri setti inn kröfu í heimabanka til foreldra vegna valgreiðslna til foreldrafélagsins. Valgreiðslukrafan fer inn á heimabanka foreldra og fer sjálfkrafa þaðan út eftir tæpt ár sé hún ekki greidd.
6. Lögð var fyrir hugmynd æskulýðs og íþróttafulltrúa og umsjónamans félagsmiðstöðvar um að koma á bíódag fyrir yngstu nemendur skólans sem ekki hafa aðgang að félagsmiðstöðinni og var vel tekið í þá hugmynd og foreldrafélagið tilbúið að leggja sitt af mörkum, t.d. með því að senda fulltrúa bekkja á staðinn til að aðstoða forstöðumann.

Ákveðið var að næsti fundur verði 29. nóvember nk.
Fundi slitið kl. 18:50

KÖG ritaði fundargerð.